

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 443, 20. júlí 1998, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

1. júní 2004

Nr. 511

AUGLÝSING**um breytingar á deiliskipulagi við Stangarholt, Borgarbyggð.**

Breytingarnar felast í breytingum á reitum, landnemaspildum, óbyggt svæði verður hluti af heimatúni og haga, tengingu vegar milli reita 22 og 33. Ennfremur er í skilmálum vikið að fyrirkomulagi í vatnsmálum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 1. júní 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

3. júní 2004

Nr. 512

SAMÞYKKT**um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Snæfellsbæ skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, um heimild til að veita leyfi fyrir minniháttar framkvæmdum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Snæfellsbæ afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.